

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II . HLUTI

Kennari: Ólafur Ísleifsson

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Grunnatriði úr þjóðhagfræði

Prófdagur: 25. janúar 2012 Kl.: .17:00-21:00.....

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 7 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin hjálpargögn leyfileg Fylgiblið: Engin.....
Netnotkun er óheimil.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

**Prófið fer fram í tölvustofu og er úrlausnum skilað á rafrænu formi.
Sjá nánar meðfylgjandi leiðbeiningar um skil á prófi.**

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

**GÆTIÐ ÞESS AÐ ÖLL BLÖÐ OG SKJÖL MEÐ ÚRLAUSNUM SÉU TRYGGILEGA
AUKENND MEÐ PRÓFNÚMERI.**

**PASSAÐU AÐ MERKJA SVÖR VIÐ HVERRI SPURNINGU GAUMGÆFILEGA OG SÝNA
ALLA ÚTREIKNINGA. LITAÐU EXCEL REITI SEM INNIHALDA SVÖR GULA.**

VANDAÐU FRÁGANG OG GANGI ÞÉR VEL.

Hluti A (40%)

Ritið svör á meðfylgjandi svarblað. Munið að merkja svarblaðið með kennitölu. Hver krossaspurning vegur 4%. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Gerum ráð fyrir að einstaklingur, karl eða kona, gangi í hjúskap með garðyrkjumanni sínum. Þá mun landsframleiðsla (VLF)

- (1) Haldast óbreytt svo lengi sem þjónustan er veitt.
- (2) Minnka af því að þjónustan er nú veitt fríkeypis eins og stundum er tekið til orða.
- (3) Minnka af því að þjónustan er ekki lengur veitt á grundvelli markaðsviðskipta.
- (4) Haldast óbreytt af því að garðyrkjuþjónusta er óáþreifanleg ólíkt því sem á við vörur og reiknast því ekki með í landsframleiðslu.

2. Ef vísitala neysluverðs er 150 í þessum mánuði og grunnár vísitölunnar er 1997, þá kostar

- (1) 100 kr. í dag að kaupa það sem kostaði kr. 150 á grunnárinu.
- (2) Eina krónu í dag að kaupa það sem kostaði kr. 150 á grunnárinu.
- (3) 150 kr. í dag að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.
- (4) Tvöhundruð krónur að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.

3. Athugið eftirfarandi líkingu sem leidd er af undirstöðujöfnu þjóðhagsreikninga:

$$(S - I) + (T - G) = NX$$

Allar stærðir hafa hefðbundna merkingu í þjóðhagfræði. Við þekkjum einnig hina kunnuglegu jöfnu $S = Y - C - T$

Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt í ljósi þessara upplýsinga?

- (1) Afgangur á viðskiptum við útlönd leiðir með alsjálfvirkum hætti af sér afgang í rekstri hins opinbera.
- (2) Nægi innlendur sparnaður og skattar ekki fyrir opinberum útgjöldum og innlendri fjárfestingu verður halli á viðskiptum við útlönd.
- (3) Stærðin $G-T$ sýnir tilfærslur um farveg almannatrygginga.
- (4) Ef halli er á ríkisgeiranum og fjárfesting fer fram úr sparnaði einkageirans verður afgangur á viðskiptum við útlönd.
- (5) Allar fullyrðinganna eru réttar.

4. Við útreikninga á atvinnuleysishlutfalli

- (1) eru atvinnulausir taldir til mannfjölda en ekki taldir þátttakendur á vinnumarkaði
- (2) eru atvinnulausir virtir að vettugi enda ekki í starfi heldur á atvinnuleysisbótum
- (3) eru atvinnulausir metnir til jafns við börn og gamalmenni sem verandi utan vinnumarkaðar

- (4) eru atvinnulausir taldir með sem þátttakendur á vinnumarkaði til jafns við þá sem eru í starfi
- (5) er atvinnuleysi vegna búferlaflutninga til Norðurlanda ekki talið með í ljósi samnorrænna samninga um starfaskipti.

5. Jafnvægisvextir myndast á peningamarkaði þegar

- (1) peningastefnunefnd seðlabankans hefur ákveðið með auknum meirihluta að framboð peninga er ekki neitt.
- (2) útlán og lántökur einkageirans hafa náð hámarki.
- (3) framboð peninga er jafnt eftirspurn.
- (4) eftirspurn eftir peningum er engin.
- (5) seðlabankinn sækir um aukaaðild að Evrópska seðlabankanum í Frankfurt.


6. Gerum ráð fyrir að gengið á evru hafi styrkst gagnvart bandaríkjadal í viðskiptum dagsins. Á grundvelli þessara upplýsinga má álykta að

- (1) Bandaríkjadalur styrktist gagnvart sterlingspundi.
- (2) Sterlingspund veiktist gagnvart evru.
- (3) Sterlingspundið styrktist gagnvart bandaríkjadal.
- (4) d . Bandaríkjadalur veiktist gagnvart evru.
- (5) Öll ofangreind svör eru röng.

7. Almennt er hlutverk peninga talið vera

- (1) reiknieining í viðskiptum til að ákvarða verð á vöru
- (2) verðmætageymir til að varðveita fé um lengri eða skemmri tíma
- (3) gjaldmiðill í viðskiptum til að koma í stað vöruskipta
- (4) öll ofangreind svör eiga við
- (5) ekkert svaranna á við.

Svarið eftirfarandi þremur spurningum á grundvelli neðangreindrar myndar



8. Ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um lækkun vaxta færir hagkerfið frá C til

- (1) B til skamms tíma og langs tíma
- (2) D til skamms tíma og langs tíma
- (3) B til skamms tíma og A til langs tíma
- (4) D til skamms tíma og C til langs tíma
- (5) A til skamms tíma og B til langs tíma

9. Stjórnvöld ákveða að skera niður ríkisútgjöld um umtalsverða fjárhæð þegar hagkerfið er státt í A. Til skamms tíma litið mun hagkerfið

- (1) verða áfram í A.
- (2) færast í B.
- (3) færast í C.
- (4) færast í D.
- (5) færast á punkt sem er fyrir ofan A.

10. Samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, fallast á rökstudda tillögu Sádi-Arabíu um samdrátt í framleiðslu og meðfylgjandi hækkun olíuverðs. Þá má lýsa áhrifum á efnahagslífið hér á landi með færslu úr punktinum

- (1) A í B.
- (2) B í C.
- (3) C í D.
- (4) D í C.
- (5) C í B.

Hluti B (60%). Ritgerðarspurningar.

Ritið svör í prófið eða á meðfylgjandi próförk. Munið að merkja próförkina. Gætið þess að lesa spurningarnar vel og svara öllu sem beðið er um. Gætið þess vel að merkja vel inn á ása í þeim hnitakerfum sem þið teiknið og merkið skýrt við ferla.

Svarið öllum spurningum og vandið frágang.

1. Sýnið á línuritum eftir þörfum. (20%)

- a) Frá hruni hefur íslenskt efnahagslíf verið í lögð. Lýsið skilmerkilega helstu úrræðum sem stjórnvöld hafa til að örva þjóðarbúskapinn. Hver eru líkleg áhrif á helstu þjóðhagsstærðir? (15%)
- b) Útskýrið ítarlega hvernig aukning á peningamagni getur átt sér stað í bankakerfinu og skýrið helstu hugtök í því efni. (5%)

2. Líkan heildarframboðs og heildareftirspurnar hefur reynst gagnlegt við að greina ýmsa þætti efnahagslífsins. Notið línurit til skýringa eftir því sem við á. (15%)
- a) Heildareftirspurnarferill efnahagslífsins er í líkaninu talinn halla niður á við. Skýrið ítarlega hagfræðilegar röksemdir fyrir því að ferillinn liggi eins og hér er lýst.
 - b) Fjallið ítarlega um hvernig framboði í efnahagslífinu er lýst í þessu líkani.
 - c) Skýrið hvað átt er við með hugtakinu þjóðhagslegt jafnvægi í líkaninu og lýsið á hvern hátt aðlögun að jafnvægi fer fram. Lýsið á grundvelli líkansins áhrifum nýrrar erlendrar fjárfestingar í atvinnustarfsemi hér á landi.

3. Áhrif hagstjórnar. Svarið báðum liðum og notið línurit eftir þörfum. (25%).
- a) Við hvað er átt með hugtakinu margföldunaráhrif á þjóðarbúskapinn þegar stjórnvöld taka ákvörðun um aukningu ríkisútgjalda? Skýrið rækilega með dæmum eftir því sem við á. Hvaða önnur úrræði hafa stjórnvöld á sviði ríkisfjármála til að framkalla sambærileg áhrif á þjóðarbúskapinn. Sýnið rækilega á línuriti. (15%)
 - b) Gerið rækilega grein fyrir áhrifamætti stefnunnar í ríkisfjármálum og peningamálum eftir því hvaða skipan er á gengismálum. (10%)